

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 22. júlí 1992.*

**Halldór Blöndal.**

*Jóhann Guðmundsson.*

**AUGLÝSING**

**um breyting á auglýsingu nr. 64/1992 um gjaldskrá fyrir tollskýrslueyðublöð.**

## 1. gr.

Við 1. gr. auglýsingarinnar bætist ný mgr. er hljóðar svo:  
Verð það sem greint er í 1. mgr. er með virðisaukaskatti.

## 2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 22. júlí 1992.*

F. h. r.

**Snorri Olsen.**

*Rúna S. Geirsdóttir.*

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Beruneshrepps,  
Búlandshrepps og Geithellnahrepps í Suður-Múlasýslu.**

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 17. júlí 1992 staðfest sameiningu Beruneshrepps, Búlandshrepps og Geithellnahrepps í Suður-Múlasýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram laugardaginn 5. september 1992, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandaðri kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hæppsnefndirnar skulu

koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 1. október 1992.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. júlí 1992.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

**um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992  
til 31. ágúst 1993.**

### **Veiðileyfi í atvinnuskyni.**

1. gr.

Við veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni á fiskveiðiárinu 1. september 1992 til 31. ágúst 1993 koma aðeins til greina þau skip sem veiðileyfi fengu samkvæmt 5. gr. 1. nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða.

Hverfi skip, sem veiðileyfi hefur fengið samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1990, varanlega úr rekstri má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað.

### **Heildarafli.**

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993 skal heildarafli og úthlutað aflamark að teknu tilliti til áætlaðs línuafli í nóvember, desember, janúar og febrúar úr botnfisktegundum vera sem hér segir:

	Heildarafli (lestir)	Utan aflamarks		Úthlutað aflamark (lestir)
		Línuafli (lestir)	Hagræðingar- sjóður (lestir)	
1. Þorskur . . . . .	205 000	15 000	7 400	182 600
2. Ýsa . . . . .	65 000	2 000	2 300	60 700
3. Ufsi . . . . .	92 000	–	3 300	88 700
4. Karfi . . . . .	104 000	–	3 700	100 300
5. Grálúða . . . . .	30 000	–	1 100	28 900
6. Skarkoli . . . . .	13 000	–	500	12 500

Afli samkvæmt ofanskráðu miðast við óslægðan fisk með haus.

Aflamark einstakra skipa skal miða við slægðan fisk með haus í öðrum tegundum en karfa.

3. gr.

Á tímabilinu 1. september 1992 til 31. ágúst 1993 skal heildarafli fyrir neðangreindar tegundir vera sem hér segir: